



Bæjarstjórn - 1195

FUNDARBOÐ

**1195. fundur bæjarstjórnar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, Hábraut 2,
23. apríl 2019 og hefst kl. 16:00**

Dagskrá:

Dagskrármál

1. 1811660 - Ársreikningur Kópavogsbæjar 2018

Frá fjármálastjóra, lagðir fram ársreikningar Kópavogsbæjar og stofnana bæjarins fyrir árið 2018. Bæjarráð samþykkti ársreikning Kópavogsbæjar fyrir árið 2018 ásamt ársreikningi stofnana bæjarins skv. 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2018 er undirritaður og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu bæjarstjórnar.

Önnur mál fundargerðir

2. 1904009F - Bæjarráð - 2954. fundur frá 11.04.2019
Fundargerð í 30. liðum.
3. 1904012F - Bæjarráð - 2955. fundur frá 17.04.2019
Fundargerð í 30. liðum.
4. 1903023F - Barnaverndarnefnd - 92. fundur frá 02.04.2019
Fundargerð í 3. liðum.
5. 1904013F - Forsætisnefnd - 137. fundur frá 17.04.2019
Fundargerð í 1. lið.
6. 1904476 - Fundargerð 18. eigendafundar Strætó bs. frá 08.04.2019
Fundargerð í 1. lið.
7. 1903012F - Jafnréttis- og mannréttindaráð - 68. fundur frá 21.03.2019
Fundargerð í 3. liðum.
8. 1904005F - Jafnréttis- og mannréttindaráð - 69. fundur frá 02.04.2019
Fundargerð í 1. lið.
9. 1903001F - Lista- og menningarráð - 100. fundur frá 11.04.2019
Fundargerð í 8. liðum.
10. 1903022F - Leikskólanefnd - 106. fundur frá 11.04.2019

Fundargerð í 6. liðum.

11. 1903025F - Menntaráð - 41. fundur frá 02.04.2019

Fundargerð í 3. liðum.

12. 1903019F - Skipulagsráð - 49. fundur frá 08.04.2019

Fundargerð í 13. liðum.

- 12.3 1903480 - Austurkór 72. Breytt deiliskipulag.

Lagt fram að nýju erindi lóðarhafa Austurkórs 72 þar sem óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi þannig að einbýlishús verði tvíbýli. Á efri hæð væri 116,1 m² íbúð og á neðri hæð 112 m², 19,2 m² bílgeymsla yrði sameign og bílastæðum fjölgað úr þremur í fjögur. Á fundi skipulagsráðs 18. mars 2019 var afgreiðslu málsins frestað. Þá lagt fram minnisblað skipulags- og byggingardeildar dags. 2. apríl 2019.

Niðurstaða Skipulagsráð - 49

Skipulagsráð hafnar erindinu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 12.4 1901823 - Álfatún 2, leikskóli. Breytt deiliskipulag.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Landmótunar sf., teiknistofu landslagsarkitekta fh. Kópavogsbæjar að breyttu deiliskipulagi Álfatúns 2, leikskóla. Í breytingunni felst stækkun lóðar leikskólans til austurs um 760 m² þannig að heildarstærð lóðarinnar eftir stækkun verði 2.620 m². Við þetta myndi útsvæðið stækka verulega og hægt yrði að ná fram tiltölulega flatlendu svæði sem nýtist leikskólabörnunum vel. Tillagan gerir jafnframt ráð fyrir að umferðaröryggi verði aukið með því að gera gangbrautir yfir Kjarrhólma og Vallhólma og bæta þar lýsingu. Komið verði á einstefnuakstri inni á bílastæðum leikskólans. Bílastæðum á bæjarlandi við Kjarrhólma verði fjölgað um 3. Bætt verði aðgengi leikskólabarna að Fossvogsdal með hliði og stígtengingu að austanverðu. Gönguleið verði breikkuð og bætt frá Kjarrhólma. Þá er gert ráð fyrir að gerður verði áningar- og útsýnisstaður í brekkunni, austan leikskólalóðarinnar. Greinargerð Friðriks Baldurssonar garðyrkjustjóra dags. 28. janúar 2019 og uppdráttur í 1:500 dags. 25. janúar 2019. Á fundi skipulagsráðs 4. febrúar 2019 var samþykkt með tilvísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Álfatúns 1-5, Grænatúns 20, 22 og 24 og Kjarrhólma 2, 4 og 6. Kynningartíma lauk 25. mars 2019. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 1. apríl 2019.

Niðurstaða Skipulagsráð - 49

Skipulagsráð samþykkir tillöguna. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

- 12.7 1811693 - Hlíðarvegur 31. Kynning á byggingarleyfi.

Lögð fram að nýju að lokinni kynningu tillaga Jóns Hrafns Hlökkverssonar byggingafræðings dags. 22. október 2018 fh. lóðarhafa Hlíðarvegur 31 þar sem óskað er eftir að skipta upp lóðinni og koma fyrir nýju einbýlishúsi á nýrri lóð. Ný lóð, Hlíðarvegur 31a, verður 450 m² og nýbyggingin 128 m² timburhús án bílgeymslu. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Á fundi skipulagsráðs 7. janúar 2019 var samþykkt með tilvísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Hlíðarvegs 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 40 og 72, lóðarhöfum Hrauntungu 48, 50 og 52 og Grænutungu 8. Athugasemdafresti lauk 8. mars 2019. Athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartímanum. Á fundi skipulagsráðs 18. mars 2019 var afgreiðslu frestað og vísað til umsagnar skipulags- og byggingardeildar. Þá lögð fram umsögn skipulags- og byggingardeildar dags. 4. apríl 2019.

Niðurstaða Skipulagsráð - 49

Skipulagsráð hafnar tillögunni. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

12.9 1902259 - Digranesheiði 23. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Þorgeirs Jónssonar arkitekts, ódagssett, fh. lóðarhafa Digranesheiðar 23 þar sem óskað er eftir að breyta einbýlishúsi, byggðu 1967, í tvær eignir. Á neðri hæð hússins verður 93,5 m² íbúð ásamt 49,9 m² innbyggðum bílskúr og 6,9 m² sameign. Á efri hæð hússins verður 158,2 m² íbúð ásamt 53,6 m² svölum. Á fundi skipulagsráðs 18. febrúar 2019 var samþykkt með tilvísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Digranesheiðar 12, 14, 16, 19, 21, 25, 27 og Lyngheiðar 1-2. Kynningartíma lauk 28. mars 2019. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Niðurstaða Skipulagsráð - 49

Skipulagsráð samþykkir erindið. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

12.10 1902044 - Austurgerði 7. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Helga Ólafssonar byggingarverkfræðings, dags. 10. janúar 2019, fh. lóðarhafa að Austurgerði 7 þar sem óskað er eftir að reisa áfasta 46,7 m² bílgeymslu við húsið. Byggingarmagn á lóðinni eykst í 178,9 m² við breytinguna og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,17 í 0,23. Fyrir liggur samþykki aðliggjandi lóðarhafa þar sem viðbyggingin liggur að lóðarmörkum Austurgerðis 9 og Kársnesbrautar 45 og 47. Á fundi skipulagsráðs 18. febrúar 2019 var samþykkt með tilvísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum Austurgerðis 5, 9, Kársnesbrautar 45, 47 og 49. Kynningartíma lauk 1. apríl 2019. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust.

Niðurstaða Skipulagsráð - 49

Skipulagsráð samþykkir erindið. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

12.11 1902720 - Kársnesbraut 123. Kynning á byggingarleyfi.

Lagt fram að nýju að lokinni kynningu erindi Helga Indriðasonar arkitekts, dags. 23. janúar 2019, fh. lóðarhafa þar sem óskað er eftir að reisa stakstæða 48 m² bílgeymslu á vesturhluta lóðarinnar. Á fundi skipulagsráðs 15. október 2018 var samþykkt að unnin yrði tillaga í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hún grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum Kársnesbrautar 121, 125 og Holtagerðis 70. Kynningartíma lauk 8. apríl 2019. Ábendingar bárust á kynningartíma.

Niðurstaða Skipulagsráð - 49

Skipulagsráð hafnar erindinu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

13. 1904653 - Fundargerð 374. fundar Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 09.04.2019

Fundargerð í 3. liðum.

14. 1904586 - Fundargerð 469. fundar stjórnar SSH frá 08.04.2019

Fundargerð í 5. liðum.

15. 1901005F - Umhverfis- og samgöngunefnd - 114. fundur frá 08.04.2019

Fundargerð í 7. liðum.

16. 1903021F - Ungmennaráð - 10. fundur frá 08.04.2019

Fundargerð í 1. lið.

17. 1904003F - Velferðarráð - 44. fundur frá 08.04.2019

Fundargerð í 5. liðum.

Páll Magnússon, bæjarritari.